

**Borgarráð 14. nóvember 2024: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um ráðningar á þjónustu- og nýsköpunarsviði MSS24110076**

Hversu mörg störf hafa verið auglýst á vegum þjónustu og nýsköpunarsviðs undanfarin 2 ár? Hversu margt starfsfólk var ráðið til sviðsins í kjölfar starfsauglýsinga yfir sama tímabil? Hversu margt starfsfólk hefur verið ráðið inn til sviðsins án auglýsinga? Hversu mörgum hefur verið sagt upp störfum á sama tímabili? Hvernig er launagreiðslum til starfsfólks sviðsins skipt á milli mismunandi kostnaðarstaða og / eða kostnaðarlykla ef um slíkt er að ræða?

Greinargerð

Fulltrúi Flokks fólksins hefur verið bent á að þrátt fyrir að ekki hafi farið mikið fyrir starfsauglýsingum frá þjónustu og nýsköpunarsviði undanfarið, virðist sem að einhver fjöldi nýrra starfsmanna sé á sviðinu - hvort sem um er að ræða í hluta- eða fullu starfi. Einnig virðist það óljóst hvernig launagreiðslum er skipt upp með tilliti til kostnaðarstaða og / eða kostnaðarlykla.